

Afreksstefna KLÍ

Hugmyndafræðin

Hlutverk og tilgangur KLÍ er að vinna að framgangi keilufþróttarinnar og útbreiðslu hennar. Liður í því er að hlúa sérstaklega að afrekskeilurum. Það verður best gert með markvissri stefnu og mælikvörðum.

Almenn þáttaka

Staðan í dag er sú að einn 22 brauta keilusalur er til staðar í Reykjavík, starfræktur af einkaaðilum, og er hann nær fullnýttur undir almenning í afþreyingu; á Akranesi er rekinn 3ja brauta salur af keilufélagi Akraness í samstarfi við Íþróttabandalag Akraness. Á Akureyri er rekinn 8 brauta salur í einkaeigu, og er fyrirsjáanlegt að honum verði lokað um/fyrir mitt ár 2017.

Tilfinnanlega vantar fleiri keilubrautir bæði í Reykjavík sem og á Akureyri, til að geta fjölgað iðkendum í keppniskeilu.

Framtíðarsýn

Innan fárra ára hafi Ísland eignast áhuga- og/eða atvinnukeilara í fremstu röð. Fjárhagsleg geta KLÍ hafi þá styrkst til muna vegna aukinnar umsvifa og samhliða því aukast möguleikar á að styðja einstaklinga, félag og þjálfara enn frekar.

Markmið

Innan tíu ára verði a.m.k. 10 íslenskir keilarar þátttakendur á sterkustu mótum í Evrópu.

Stefna

Til að ná þessum markmiðum mun KLÍ einblína á að fjölga afrekskeilurum og styðja við þá sem þegar standast viðmið sambandsins. KLÍ leggur þannig áherslu á eftirfarandi þætti:

- að halda úti virkri afreksstefnu
- að afreksstarf KLÍ sé gegnsætt og aðgengilegt á vef sambandsins
- að gerð sé krafa um menntun landsliðsþjálfara; krafa sé um að allir þjálfarar séu með 2. stigs menntun (ETBF/USBC) innan 3 ára og 3. stigs menntun innan 5 ára, jafnframt sé skylda að hafa lokið í að minnsta grunnstigi ÍSÍ.¹⁾
- að landsliðsþjálfarar skili að minnsta kosti ársfjórðunglega skýrslu til landsliðsnefndar um starfið þar sem fram koma tölulegar upplýsingar og ábendingar um það sem betur má fara til að markmið náist.
- að lágmarki einu sinni á ári sé haldinn sameiginlegur fundur landsliðsþjálfara, félagsþjálfara og afrekshóps KLÍ þar sem rædd eru afreksmál og þá sérstaklega hvað gangi vel og hvað megi bæta.

- Landsliðsþjálfarar séu ráðgefandi um það sem betur má fara með tilliti til aðstöðu hjá hverju félagi, þjálfunar og annarra mælanlegra þátta
- Þjálfarar félaga hitti landsliðsþjálfarana að minsta kosti tvisvar á ári til að meta afreksstefnuna, hverju hún er að skila, hvað gangi vel og hvað megi bæta innan félags. Fundir eru við upphaf keppnistímabils og að því loknu.
- að setja meðaltalsviðmið fyrir afrekskeilara og afreksefni
- að taka þátt í landsliðs- og einstaklingsverkefnum áhugamanna og styðja við verkefni þeirra atvinnumanna sem eru í afrekshópi
- að aðstoða afrekskeilara að komast á mót og æfingar erlendis

Afreksstefnan skal endurskoðuð árlega í janúar/febrúar og sé á ábyrgð Íþróttastjóra KLÍ, kynnt á formannafundi árlega í apríl og lögð fram á ársþingi sambandsins í maí ár hvert.

Mælikvarðar

Mælikvarðar sem notaðir eru við mat á árangri hvers árs, teknir saman 15. nóvember eru þessir að lágmarki:

1. Fjöldi afrekskeilara
 - a. Í hverju félagi
 - b. Í hverjum aldursflokki, skipt eftir kynjum.
2. Meðaltal
 - a. 6 efstu karla og kvenna
 - b. 12 efstu karla og kvenna
3. Fjöldi og staða íslenskra keilara á Evrópulista
4. Fjöldi keilara á mótaroðum í Evrópu og/eða Bandaríkjunum

KLÍ styðst við skilgreiningar ÍSÍ um viðmið afreka íþróttafólks og eru þær eftirfarandi:

- Um framúrskarandi keilara er fyrst að ræða þegar einstaklingur skipar sér með árangri sínum í fremstu röð í heiminum.
- Afrekskeilari er sá aðili sem stenst skráð meðaltalsviðmið/færni í afreksstefnu KLÍ
- Afreksefni er sá keilari sem stenst skráð meðaltalsviðmið/færni í afreksstefnu KLÍ og er hann talinn, með markvissri og mikilli þjálfun geta skipað sér á bekk með þeim bestu.

Áherslan liggur því fyrst og síðast í að styðja við bakið á afrekskeilurum og afreksefnum til að markmið stefnunnar um að íslenskur keilari leiki á mótaroðum bestu keilara Evrópu/heimsins verði að raunveruleika. Þegar það verður fellur sá keilari undir skilgreininguna að vera framúrskarandi.


Við skilgreiningu á því hvað telst afrekskeilari og afreksefni er miðað við meðaltal og færni. Við útreikning á meðaltalsviðmiðum var stuðst við meðaltal keilara í afrekshópi 2016 og nokkurra bestu keilara landsins liðin ár og áratugi. Meðaltal bestu karla og bestu kvenna myndar síðan meðaltalsviðmið afrekskeilara og meðaltal allra myndar síðan meðaltalsviðmið afreksstefnu.

Afrikshópur KLÍ fyrir hvert ár er kynntur að hausti og er breytanlegur eftir árangri og ástundun. Árangur keilara ræður mestu um skipan hópsins og þannig eru:


- Allir keilarar, 14 ára og eldri, sem ná viðmiðum afrekskeilara í afrikshópi
- Þeir keilarar sem ná viðmiðun afreksefna og:
 - Kepptu til úrslita í opnum flokki á Íslandsmóti unglunga

Landsliðsþjálfarar geta, að skráðum skilyrðum uppfylltum, fjölgað eða fækkað í hópum með samþykki landsliðsnefndar.

Meðaltalsviðmið karla/pilta



Meðaltalsviðmið kvenna/stúlkna



Færni

Skipt eftir aldurshópum:

- 10 – 14 ára
 - Grunnþekking á sveifla, tímasetningu, skref og slepping á kúlu
 - Grunnskilningur; leifar og grunþekking á brautarlestri og kúluvali.
 - Keppni er ekki aðalatriði.
- 14 – 18 ára
 - Gott vald á sveiflu, tímasetningu, skrefum og sleppingu
 - Leikskilningur; kúluval og brautarlestur
 - Keppnisstilningur og hugarfar.
- 18 ára og eldri
 - Framúrskarandi vald á tímasetningu, skrefum og sleppingu
 - Leikskilningur; framúrskarandi skilningur á kúluvali og brautarlestri.
 - Framúrskarandi keppnisstilningur, afrekshugarfar og markmiðssetning.

Meðaltal	120	130	140	150	160	170	180	190	200
Fjöldi fellna í leik	2,0	2,3	2,6	2,8	3,0	3,7	4,2	4,8	6,5
Tengingar	0,2	0,3	0,5	0,6	0,8	0,9	1,2	1,8	3,1
Leifar	2,1	2,6	3,0	3,3	4,1	4,0	4,5	4,0	3,0
Glennur	1,7	2,0	2,2	3,0	3,4	3,2	2,6	1,8	0,7
Fjöldi pinna í fyrra skoti	6,5	6,8	7,0	7,4	7,9	8,0	8,2	8,6	9,1
Hitta 1. pinna	3,7	4,2	4,9	5,3	6,6	7,4	8,5	8,9	9,8

Fagteymi

Þörf KLÍ: aðgengi að íþróttasálfræðingi, sjúkraþjálfun og lækni.

Núverandi staða: KLÍ er með samning við Sjúkraþjálfun Íslands sem snýr að snöggu aðgengi að sjúkraþjálfun (dags fyrirvari)

Skammtíma markmið; fyrir 1. júlí 2017 þá verði búið að fá aðgengi að lækni og íþróttasálfræðingi

Langtímamarkmið; fagteymi vinni reglulega með hópnum, á forvörnum og fræðslu hver á sínu sviði, einnig verði langtímamarkmið að hluti af fagteyminu verði að vinna með landsliðum í keppnisferðum.

Fjármögnun

Áætlagerð; framkvæmd af landliðsnefnd, íþróttastjóra og stjórn KLÍ. Gerð er áætlun árlega fyrir ársþing (apríl/maí) síðan er hún endurskoðuð amk 1-2svar á ári eftir því sem ástæða þykir vegna afreksstarfsins.

Fjármögnun á afreksstarfi er að mestu unnin af viðkomandi einstaklingum sem taka þátt í starfinu ásamt félögum þeirra (ÍR, KFR ofl) Fjármögnun á landsliðsverkefnum er að hluta gert af KLÍ, þ.e. kostnaður við þjálfara/fararstjóra ásamt lítilsháttar styrk á hvern þáttakanda í viðkomandi verkefni, þáttakendur ásamt íþróttafélögum sínum standa síðan undir restinni af kostnaðnum.

1. Á heims og Evrópuvísu þá er þjálfaramenntun aðgengileg á 2 stöðum (fyrir utan hjá einstökum löndum) þ.e. hjá ETBF (Evrópusambandið) og USBC (Keilusambandi USA) sem stendur er bara 3 stig aðgengileg sem stendur.